

Umhverfisstofnun
Áb. _____
02. nóv. 2015
Tilv. _____

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 30. október 2015
UST201510-145/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Landeyjahöfn. Stækkun dýpkunar- og losunarsvæða. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er annars vegar um að ræða viðbótar dýpkun á árinu 2015 um 200.000 m³ og 2016 um 100.000 m³ alls 300.000 m³ á tveimur árum umfram árlega dýpkun sem er um 300.000 m³. Hins vegar stendur til að sameina þrjá ytri vörpunarstaði (staðir A, B, C) þannig að um einn stað verður að ræða.


Fram kemur í greinargerð að á þeim stöðum sem hér um ræðir er nánast ekkert lífríki á hafsbotni auk þess sem náttúruleg tilfærsla á sandi er mikil utan við Landeyjahöfn.


Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umræddar breytingar á dýpkun og losun efnis við Landeyjahöfn muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við afmörkun fyrirhugaðs ytri vörpunarstaðar, þar sem vörpunarstaðir merktir A, B og C skv. teikningu B-8088a (áður merktir 1, 2 og 3 skv. teikningu B-8437) eru sameinaðir og stækkaðir, verði tekið tillit til nálægðar suðvestur hlutans (merktur A), við sæstreng og vatnslögn sem liggur milli lands og Eyja sbr. umsögn Umhverfisstofnunar frá 3. nóvember 2010 vegna fyrirspurnar um matsskyldu varps dýpkunarefna vegna viðhaldsdýpkunar í Landeyjahöfn.

Samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt, en Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknarstofnunar, veitt leyfi til að dýpkunarefni sé varpað í hafið. Sækja verður um slíkt leyfi til Umhverfisstofnunar þegar ákvörðun Skipulagastofnunar um matsskyldu liggur fyrir.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri